

Fimmtudaginn 14. janúar 1993.

Nr. 434/1989. **Halldór Ingi Dagsson**

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Önnu hf.

(Páll A. Pálsson hrl.).

Kaupsamningur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara verulegrar lækkunar á þeim. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði skiptaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 10. júní 1991 var bú Önnu hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabúi félagsins tekið við rekstri málsins samkvæmt 3. mgr. 54. gr., sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 28/1981, sbr. nú 3. mgr. og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst þrotabúið staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Ingi Dagsson, greiði stefnda, þrotabúi Önnu hf., 170.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 31. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Anna hf., nnr. 0308-1656, Silfurgötu 10, Stykkishólmi, með stefnu, birtri 23. október 1987, gegn Halldóri Dagssyni, nnr. 3573-7847, Lyngbraut 3, Garði.

Dómkröfur stefnanda, sem hann hefur í rekstri málsins lækkað úr 967.314 kr. í 899.721 kr., eru þær, að stefndi greiði skuld, að fjárhæð 899.721 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að máli þessu verði vísað frá dómi, til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, og til þrautavara er krafist stórfelldrar lækkunar á stefnukröfum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Hinn 9. janúar sl. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda og hún tekin til úrskurðar. Var úrskurður þess efnis, að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina, kveðinn upp 11. janúar sl.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 9. 5. 1983, keypti stefnandi skipið Dag, HF-1, sem er 29 tonna fiskibátur, af stefnda í máli þessu. Kaupverð var 4.000.000 kr., og meðal áhvilandi skulda, sem kaupandi tók að sér að greiða, voru sjö skuldabréf á 4. veðrétti, út gefin 1. maí 1982 af Halldóri Dagssyni, upphaflega að fjárh. samtals 709.987 kr., en að eftirstöðvum 567.990 kr. Þetta voru tvö skuldabréf, að fjárh. 150.000 kr. hvort, tvö að fjárh. 100.000 kr. hvort, tvö að fjárh. 79.052 kr. hvort og eitt að fjárh. 51.883 kr. Skuldabréfunum var þinglýst hjá sýslumanni Húnavatns-sýslu 1. 7. 1982 og hafa litranúmer 533-539/82, en skipið hét þá m/b Húnavík, HU-38. Þessi skuldabréf átti að greiða með 9 afb. á 6 mán. fresti, 1. 4. og 1. 10. ár hvert, í fyrsta sinn 1. 4. 1983.

Eftirstöðvar þær, sem nefndar voru í kaupsamningi, miðuðust við, að stefndi hefði greitt upp fyrstu afborgunina ásamt vöxtum, en stefnandi tæki við að greiða 8 afborganir, í fyrsta sinn 1. 10. 1983. Vegna dráttar á greiðslu frá stefnda til eigenda skuldabréfanna pr. 1. 4. 1983 voru allar eftirstöðvar skuldar skv. bréfunum gjaldfelldar, og fór málið fyrir dómstóla, þar sem stefndi mótmælti gjaldfellingunni og hélt uppi vörnum í uppboðsrétti. Með dómi Hæstaréttar frá 17. 10. 1986 í áfrýjunarmáli stefnda gegn Steingrími Þormóðssyni hdl. var úrskurður uppboðsréttar Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu frá 4. jan. 1985 staðfestur, en uppboðshaldari hafði úrskurðað, að uppboð að kröfu Steingríms Þormóðssonar hdl. til lúkningar skuldabréfunum skyldi fara fram, enda væri öll skuld skv. bréfunum gjaldfallin.

Stefndi greiddi 304.034 kr. upp í skuld sína við handhafa skuldabréfanna 11. 5. 1983, en þar sem honum tókst ekki að sýna fram á, að hann hefði fengið greiðslufrest, féll allur höfuðstóll skuldabréfanna í gjalddaga með

þeim afleiðingum, að greiða þurfti verulegar fjárhæðir í dráttarvexti og innheimtukostnað. Þessar fjárhæðir voru greiddar af stefnanda og Rökkva hf., er síðar keypti bátinn af stefnanda, en allur dráttarvaxtakostnaður Rökkva hf. vegna skuldabréfanna var færður stefnanda til skuldar í uppgjöri þeirra í millum.

Stefnandi hefur sundurliðað dómkröfu sína, og er hún þannig, eftir að tekið hefur verið tillit til tölulegra athugasemda af hálfu stefnda:

1. Skráðar eftirstöðvar skv. kaupsamningi		kr.	567.990
2. Höfuðstóll, sem gjaldféll	kr.	709.982	
3. Vextir til 1. 4. 1983, sem voru ógr.	—	141.996	
4. Dráttarv. frá 1. 4. 1983 til 1. 6. 1983	—	85.197	
5. Inngreitt 11. 5. 1983 til Steingríms Þormóðssonar hdl.		—	304.034
6. Drv. af 633.141 kr. frá 1. 10. 1983	—	126.628	
7. Vextir 9. 5. 1983 af skbr., sem Konráð Júl. átti að greiða		—	44.492
8. Drv. af 633.141 kr. 1. 10. 1983 til 1. 4. 1984 (22%)	—	139.291	
9. Vextir 1. 10. 1983-1. 4. 1984 af skbr. 496.991 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	49.699
10. Drv. af 622.871 kr. 1. 4. 1984-1. 10. 1984 (15,25%)	—	101.087	
11. Vextir 1. 4. 1984-1. 10. 1984 af skbr. 425.992 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	42.599
12. Drv. af 650.361 kr. 1. 10. 1984-1. 4. 1985 (18,75%)	—	121.943	
13. Vextir 1. 10. 1984-1. 4. 1985 af skbr. 354.994 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	35.499
14. Drv. af 665.806 kr. 1. 4. 1985-1. 10. 1985 (22,25%)	—	148.142	
15. Vextir 1. 4. 1985-1. 10. 1985 af skbr. 283.995 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	28.399
16. Drv. af 665.806 kr. 1. 10. 1985-1. 4. 1986 (21,5%)	—	143.148	
17. Vextir 1. 10. 1985-1. 4. 1986 af skbr.			

212.996 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		kr.	21.300
18. Drv. af 765.400 kr. 1. 4. 1986-1. 10. 1986 (13,5%)	—	103.309	
19. Vextir 1. 4. 1986-1. 10. 1986 af skbr. 141.998 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	14.200
20. Drv. af 765.400 kr. 1. 10. 1986-1. 4. 1987 (13,5%)	—	103.309	
21. Vextir 1. 10. 1986-1. 4. 1987 af skbr. 70.999 kr., sem Konráð Júlíusson átti að greiða		—	7.099
22. Innheimtukostnaður Steingríms Þormóðssonar hdl.	—	78.055	
23. Dæmdur málskostnaður í Hæstarétti	—	45.000	
24. Uppboðskostnaður	—	35.538	
25. Vextir skv. 11 t. kaupsamn.		—	12.622
26. Vextir af sama 9. 5. 1983-1. 4. 1987		—	32.076
27. Inngreiðsla frá Halldóri Dagssyni		—	8.360
28. Vextir af sama 29. 11. 1983-1. 4. 1987		—	14.535
	kr. 2.082.625	kr. 1.182.904	
Mismunur, tjón Önnu hf. v/gjaldfellingar		—	899.721
	Kr. 2.082.625	kr. 2.082.625	

Dómkröfur stefnanda eru studdar þeim rökum, að stefnda sé skylt að halda kaupsamning þann, sem aðilar gerðu með sér 9. maí 1983, og vitnar um það atriði til þeirrar meginreglu samningaréttar, að samninga skuli halda. Samkvæmt 10. tl. kaupsamningsins hafi stefnandi átt að taka við tilteknum eftirstöðvum nánar tiltekinna skuldabréfa. Eftirstöðvafjárhæðin sýndi, að skuldabréfin áttu að vera í skilum á kaupdegi, og tilvísunin í skuldabréfin átti að tryggja kaupanda, að hann gæti greitt skuld skv. þeim upp á fjórum árum með hóflegum vöxtum, 20% á ári. Vegna vanefnda stefnda gagnvart handhafa skuldabréfanna voru þau gjaldfelld og krafist uppboðs á veðinu, skipi því, er stefnandi hafði keypt. Stefnda beri því að endurgjalda stefnanda allan aukakostnað vegna þess.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi hafi vitað um gjaldfellingarkröfuna allt frá öndverðu og áður en hann gerði tilboð sitt og kaupsamning nokkrum dögum síðar og hann því tekið áhættuna af því, hvort gjaldfelling bréfanna næði fram að ganga eða ekki. Vegna þessa verði hann að bera sjálfur tjón sitt og kostnað. Hafi stefndi efnt kaupsamning-

inn, að því er bréfin sjö varðar, með greiðslu af þeim 9. maí 1983. Hafi stefnandi haft ærna ástæðu til þess að gera fyrirvara um bréfin strax við kaupsamningsgerðina og hafi raunar borið skylda til þess. Þá hafi stefnandi vitað strax í júní 1983 um uppboðsmálið vegna bréfanna, en hafi hvorki þá né síðar, t. d. við afsal 8. 1. 1985 og fullnaðaruppgjör sama dag gert nokkra athugasemd vegna þessa. Hafi þá verið brýn ástæða til kvörtunar, svo að stefndi gæti komið í veg fyrir tjón af dráttarvöxtum og kostnaði. Kvörtun stefnanda eftir nær fjögur ár sé allt of seint fram komin. Þá er því og haldið fram af stefnda, að síðari vanskil stefnanda með afborganir af bréfunum kunni að hafa haft áhrif á niðurstöðu gjaldfellingarmálsins fyrir dómstólum.

Kröfu sína um lækkun stefnukröfu hefur stefndi sundurliðað þannig:

a) Stefnanda ber að taka að sér að greiða vexti af skuldabréfunum, 12.622 kr. Þetta atriði er ekki tekið inn í kröfugerð stefnanda.

b) Birgir Ásgeirsson hdl. greiddi 8.360 kr. inn á kröfuna 29. 11. 1983 í þágu stefnda.

c) Stefnanda ber að lækka kröfu sína sem nemur dráttarvöxtum og vaxta-vöxtum af fjárhæðum a- og b-liðar.

d) Innheimtukostnaður Steingríms Þormóðssonar hdl. er stefnda óviðkomandi. Í fyrsta lagi er ekki rétt, að skuldari greiði innheimtulaun, þegar málskostnaður er dæmdur. Í öðru lagi var stefnda ekki gefinn kostur að tjá sig um uppgjör við Steingrím.

e) Stefnandi tók ákvörðun um að áfrýja málinu án samráðs við stefnda. Málskostnað í Hæstarétti verður hann því að greiða.

f) Uppboðskostnaður er ósundurliðaður. Á meðan svo er, þarf stefnandi að bera hann sjálfur. E. t. v. kann hann að skiptast milli málsaðila.

Stefnandi hefur lækkað stefnukröfu sína til samræmis við a-, b- og c-lið í sundurliðun þessari, en haldið sig við kröfu skv. d-, e- og f-lið, og er því ekki að ræða um neinn annan tölulegan ágreining vegna útreiknings stefnanda á stefnukröfunni.

Fram kom í ræðu lögmanns stefnda, að hann bæri fyrir sig fyrningu sem málsástæðu. Var því mótmælt af hálfu lögmanns stefnanda, að hún kæmist að.

Eins og mál þetta liggur fyrir, kemur málsástæða þessi ekki til umfjöllunar.

Konráð Júlíusson hefur komið fyrir dóminn af hálfu stefnanda og gefið aðilaskýrslu. Í skýrslu hans kemur fram, að honum hafi verið kunnugt um, að stefndi hefði fengið gjaldfellingarbréf frá lögmanni vegna skuldabréfa þeirra, sem getið er um í 10. lið kaupsamnings frá 9. maí 1983, en aftur á móti hafi honum verið sagt af þeim, sem voru með bátinn í sölu, að „það myndi vera allt í lagi, vegna þess að sú greiðsla, sem ég átti að inna

af hendi í útborgun á bátnum, myndi bjarga því, þannig að bréfin yrðu ekki gjaldfelld“. Sjálfur hefur Konráð sagt fyrir dóminum, að sér hafi skilist, að gjaldfellingin hafi ekki verið framkvæmd, fyrr en búið var að skrifa undir samninginn um bátinn. Hefur stefnandi neitað því fyrir dóminum, að síðar hafi verið samið um það, að hann tæki að sér þessa gjaldföllnu skuld eða að ákvæði kaupsamningsins um þessi skuldabréf breyttust eitthvað.

Í vætti Sigmundar Hannessonar hdl. kemur fram, að hann starfaði um þær mundir sem fulltrúi Othars Arnar Petersen hrl., en honum hafði verið falið að ganga frá ýmsum málum Birgis heitins Ásgeirssonar lögmanns, m. a. frá afsali vegna Dags, HF-1, sem gert var í byrjun janúar 1985. Hann hafi þá gengið frá uppgjöri milli aðila, og hafi verið fullt samkomulag þar um. Hafi hann lítið svo á, að hér væri um fullnaðaruppgjör að ræða, en gjaldfellingarmálið hafi hins vegar ekki borið á góma í því sambandi. Telur vitnið, að um það samkomulag hafi verið að ræða til hliðar við kaupsamninginn, að það væri algerlega mál stefnanda, Önnu hf., að greiða hin gjaldfelldu bréf og ekki yrðu neinar eftirkröfur á hendur stefnda vegna þess.

Um þetta atriði hefur stefndi sagt fyrir dóminum, að hann muni ekki eftir neinni umræðu um það milli sín og stefnanda, en hins vegar hafi hann rætt þetta við vitnið Sigmund og skilist á honum, að Konráð ætti að standa skil á því að greiða kostnað vegna gjaldfellingarinnar.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Ásgeir Halldórsson, sem var í stjórn Önnu hf., er kaupin á mb. Degi, HF-1, fóru fram. Í framburði hans kemur fram, að hann hafi mjög lítið komið nálægt samningsgerð eða öðru varðandi kaupin, vegna þess að fjármál hafi öll verið í höndum Konráðs. Hann hafi ekkert heyrt um gjaldfellingu skuldabréfa í 10. lið kaupsamningsins, er hann undirritaði, og talið, að verið væri að taka við skuldabréfunum í skilum.

Niðurstaða.

Samkv. fyrirbyggjandi kaupsamningi frá 9. maí 1983 seldi Halldór Dags-son Önnu hf. mb. Dag, HF-1, og var umsamið kaupverð 4.000.000 kr., og átti Anna hf., stefnandi í máli þessu, m. a. til þess að fullnægja greiðsluskyldu sinn skv. samningnum, að taka við eftirstöðvum tiltekinni skuldabréfa, sjö að tölu, hvílandi á 4. veðrétti, að eftirstöðvum 567.990 kr., til kaupanda. Skv. efni sínu voru átta afborganir eftir af bréfum þessum, er skyldi greiða 1. 4. og 1. 10. ár hvert, í fyrsta sinn 1. 10. 1983, sé gert ráð fyrir því, að stefndi kæmi bréfunum í skil í samræmi við ákvæði kaupsamningsins.

Ekki hefur stefnda tekist að færa sönnur á, að kaupsamningurinn ætti

ekki að gilda samkvæmt orðanna hljóðan um téð skuldabréf, og reisir dómurinn niðurstöðu sína á því. Skv. dómi Hæstaréttar frá 17. október 1986 í áfrýjunarmáli stefnda gegn Steingrími Þormóðssyni hdl. (sbr. dómskj. nr. 20) var úrskurður uppboðsréttar Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu frá 4. janúar 1985 staðfestur, en í honum var úrskurðað, að uppboð að kröfu St. Þormóðss. hdl. til lúkningar bréfum þessum skyldi fara fram, enda væri skuldin öll eindöguð vegna vanefnda uppboðspola. Í niðurlagi forsendna framangreinds úrskurðar segir: „Verður því hið umbeðna uppboð látin ná fram að ganga samkvæmt kröfum uppboðsbeiðanda.“ Meðal uppboðskrafna er krafa um innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ og alls kostnaðar við uppboðið. Í framangreindum dómi Hæstaréttar kemur fram, að úrskurður undirréttar er staðfestur með vísan til þess, að umrædd bréf hafi öll verið gjaldfelld samkvæmt ákvæðum þeirra vegna vanskila áfrýjanda, sem dæmdur er í Hæstarétti til þess að greiða 45.000 kr. í málskostnað til Steingríms Þormóðssonar hdl.

Þykir allur undangenginn málarekstur, þar sem stefndi reynir að fá hrundið gjaldfellingu téðra skuldabréfa, benda til þess, að hann hafi talið sér skylt að efna kaupsamninginn samkvæmt hljóðan sinni.

Eins og áður greinir, er ekki tölulegur ágreiningur um stefnukröfuna að öðru leyti en því, að stefndi hefur mótmælt því, að sér beri að greiða innheimtukostnað Steingríms Þormóðssonar hdl., 78.055 kr., málskostnað fyrir Hæstarétti, 45.000 kr., og uppboðskostnað, 35.538 kr. Samkvæmt því, sem hér segir að ofan um meðferð uppboðsmáls bæði fyrir Hæstarétti og undirrétti, og með vísan til kvittunar frá Steingrími Þormóðssyni hdl. (dskj. 21), sem stefnandi hefur lagt fram, lítur dómurinn svo á, að stefnanda hafi verið nauðugur einn kostur að inna greiðslur þessar af hendi vegna atvika, er stefndi ber ábyrgð á gagnvart honum, og stefnandi verði ekki krafinn um frekari sundurliðun á uppboðskostnaði en kvittað er fyrir, 1.000 kr. hærri kostnaði en krafist er vegna hans í stefnu. Þá er að mati dómsins talið, að á vaxtamun þeim, er til varð vegna dráttarvaxtagreiðslna, sem inna varð af hendi, og samningsvaxta samkv. skuldabréfunum og ekki er tölulega umdeildur, verði stefndi að bera ábyrgð gagnvart stefnanda. Er niðurstaða dómsins sú, að stefnda beri að bæta það tjón, sem stefnandi varð fyrir vegna vanefnda stefnda á 10. lið kaupsamnings aðila frá 9. maí 1983.

Þegar hefur verið fjallað um útreikning þann, sem stefnandi leggur til grundvallar dómkröfum sínum. Ekki er talið, að stefnandi hafi sýnt af sér neitt tómlæti í málinu, eins og haldið hefur verið fram af stefnda, þar sem gjaldfelling skuldabréfanna varð ekki ljós endanlega fyrr en með dómi Hæstaréttar 17. október 1986.

Að þessu athuguðu þykir rétt að taka endanlegar dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti, og skulu þær bera vexti eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 180.000 kr., þ. m. t. söluskattur.

Ekki hafa verið gerðar neinar dómkröfur á hendur réttargæslustefndu, Margréti Sigurjónsdóttur. Ekki þykja efni til þess að taka afstöðu til kröfu réttargæslustefndu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Halldór Dagsson, greiði stefnanda, Önnu hf., 899.721 kr. ásamt 30% ársvöxtum frá 1. 4. 1987 til 1. 6. 1987, 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 7. 1987, 30% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 8. 1987, 40,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 9. 1987, 42% ársvöxtum frá þ. d. til 1. 10. 1987, 43,2% ársvöxtum frá þ. d. til þingfestingardags 11. 11. 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags og 180.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur. Fallist er á, að dráttarvexti megi leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 4. 1988.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.